



ÖRVERUFRÆÐIFÉLAG ÍSLANDS

FRÉTTABRÉF

(www.hi.is/fel/orveruf)

15. árg. 1. tlb. Janúar 2004

FRÆDSLUFUNDUR

Þriðjudagur 3. febrúar 2004

Kl. 20:00 í Hringssal á Barnaspítala Hringssins

Peter Holbrook heldur fyrirlestur sem ber heitið:

Er normalflóra munns þíns hagstæð ?

Í fyrirlestrinum verður m. a. fjallað um samsetningu tannskýklu, samband tannskýklu og tannátu/tannholdsbólgu, samband aðgerða í munni og hjartaþelsbólgu og óhagstæðar stofngerðir baktería í munni, rafeindasjármyndir af hagstæðum og óhagstæðum bakteríum, rannsóknir á bakteríuhemjandi og bakteríudrepandi efnum og sýklalyfjaónæmi.

AÐALFUNDUR

Haldinn var aðalfundur Örverufræðifélags Íslands í fundarsal Sjávarútvegshússins, Skúlagötu 4, þann 7. maí síðastliðinn. Á dagskrá voru eftirfarandi málefni:

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ákvörðun félagsgjalda.
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga.

Sigríður Elefsen setti fundinn og var kosin fundarstjóri, Sigrún Guðmundsdóttir var fundarritari. Gunnar Gunnarsson, lyf- og smitsjúkdómalæknir flutti skemmtilegan og fræðandi fyrirlestur um atvinnutengdar sýkingar meðal heilbrigðisstarfsmanna eftir aðalfundinn.

1. Skýrsla stjórnar

I. Afmælisráðstefna

Í tilefni 15 ára afmælis Örverufræðifélags Íslands var haldin vegleg ráðstefna í Norræna húsinu þann 28. mars síðastliðinn. Ráðstefnan fékk heitið “Örverur og þorskur” en viðfangsefni hennar var mikilvægi þorsks fyrr og nú og þær örverur og sníkjudýr sem þrífast með þorski lifandi eða dauðum. Sjö innlendir vísindamenn héldu fyrirlestra um örverur í þorskeldi eða fiskvinnslu og David Smail frá Aberdeen hélt fyrirlestur um veirur í þorski. Styrkur frá FEMS greiddi ferðakostnað gestafyrirlesarans. Afmælisráðstefnan var ágætlega sótt og var sérstaklega ánægjulegt, hve margir utanbæjarmenn voru meðal þátttakenda.

II. Fræðslufundir

Fræðslufundir eða fyrirlestrar voru tveir á síðasta starfsári:

Gunnar Gunnarsson, lyf- og smitsjúkdómalæknir hélt fyrirlestur sem bar heitið: Atvinnutengdar sýkingar meðal heilbrigðisstarfsmanna

Hjördís Harðardóttir hélt fyrirlestur sem bar heitið: MÓSA bakteríur.

III. Haustþing

Eins og á síðasta ári var haustþingið haldið í boði Thorarensen - Lyf ehf. og Gróco ehf. að Lynghál 13 Reykjavík. Þingið stóð frá kl. 20:00 til 22:00 og buðu Thorarensen - Lyf ehf. og Gróco ehf. upp á veitingar. Að þessu sinni voru 17 veggspjöld kynnt af höfundum. Hægt er að nálgast útdrætti veggspjaldanna í síðasta fréttabréfi. (15. árg. 3. tbl Nóvember 2003) á heimasíðu félagsins (www.hi.is/fel/orveruf).

VI. Reikningar félagsins

Ekki var hægt að leggja fram reikninga félagsins á aðalfundinum og var því boðaður auka aðalfundur þann 21. október. Á auka aðalfundi félagsins voru reikningar félagsins lagðir fram (sjá uppgjör 2002) og þeir samþykktir.

2. Ákvörðun félagsgjalda

Stjórnin lagði fram þá tillögu að félagsgjöld skyldu hækka úr 1.100 kr í 1.500 kr. Hækkunin var samþykkt á fundinum.

3. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru lagðar fyrir fundinn.

4. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna

Sigríður Elefsen gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formannssetu. Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir sem hefur séð um erlend samskipti hjá félaginu gaf kost á sér í formannsembættið. Engin mótframboð bárust og var hún kosin einróma af öllum fundarmönnum.

Sigurður E. Vilhelmsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í sjórn. Sigrún Guðmundsdóttir og Viggó Þór Marteinsson gáfu áfram kost á sér í stjórn. Nýir stjórnarmenn voru kosnir, Kristín Jónsdóttir og Snorri Páll Davíðsson. Stjórnin var samþykkt með öllum atkvæðum. Árni Ingason og Sigríður Guðmundsdóttir gáfu áfram kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt af öllum fundarmönnum.

Örverufræðifélag Íslands. Uppgjör 2002

Efnahagsreikningur pr. 31.12.2002

Eignir:		
Íslandsbanki 313-26-2409		76.324
Íslandsbanki 313-13-720001		40.838
	Samtals eignir	117.162
Skuldir		
Höfuðstóll pr. 1.1.2002	116.532	
Hagnaður +/- Tap -	630	
Höfuðstóll pr. 31.12.2002	117.162	
	Samtals skuldir	117.162

Rekstrarreikningur 1.1. – 31.12.2002

Tekjur:		
Félagsgjöld		83.600
Vextir		3.639
Gjöld umfram tekjur (tap)		0,00
	Samtals tekjur	87.239
Gjöld:		
Kostnaður af starfsemi		85.492
Bankakostnaður		755
Fjármagnstekjuskattur		463
Tekjur umfram gjöld (hagnaður)		630
	Samtals gjöld	87.239

Útgefandi: Örverufélag Íslands
Ritstjóri og ábyrgðarmaður fréttabréfs: Viggó Þór Marteinsson, Kambsvégi 23, 104 Reykjavík